

Ed.

619. Breytingartillögur

[156. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 122 28. des. 1950, um breyt. á l. nr. 50 1946, um almannatryggingar og viðauka við þau.

Frá Finnþoga R. Valdimarssyni.

1. Við 1. gr. Greinin falli niður.
2. Við 4. gr. (sem verður 3. gr.). Greinin orðist svo:
Við 29. gr. laganna bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Nú vanrækir sveitarfélag greiðslu á framlagi sínu til Tryggingastofnunar ríkisins í eitt ár eða lengur, og er ráðherra þá heimilt að ákveða, að hald skuli lagt á allt að 25% álagðra útsvara í sveitarfélaginu og sá hluti útsvara jafnan greiddur innheimtumanni ríkissjóðs jafnóðum og útsvör innheimtast, mánaðarlega eða ársfjórðungslega, eftir því sem innheimtumaður krefst; og skal sú skipan haldast þangað til skuld sveitarsjóðs við Tryggingastofnunina er að fullu greidd.